

## Samgöngunefnd SSA

Fyrsti fundur samgöngunefndar starfsárið 2017 – 2018 haldinn 19. desember 2017 í Vonarlandi.

Mættir eru: Jakob Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Þorbjörg Sandholt, Einar Már Sigurðarson, Vilhjálmur Jónsson, Anna Alexandersdóttir, Eyjólfur Sigurðsson. Lárus Heiðarsson komst ekki á fundinn. Einnig sat fundinn Sigrún Blöndal og Jóney Jónsdóttir, nýráðinn verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritar fundargerð.

Sigrún Blöndal setur fundinn. Gengið er til dagskrár.

1. Nefndin skiptir með sér verkum. Stungið er upp á Einari Má Sigurðarsyni sem formanni, fundarmenn samþykkja það einum rómi. Hann tekur við stjórn fundarins. Anna Alexandersdóttir er tilnefnd sem varaformaður og er það samþykkt.
2. Áherslumál starfsársins er rædd. Farið er yfir ályktanir aðalfundar og áherslumál þeirra. Sjá ályktanir aðalfundar SSA 2017. Auk þess er ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi mál: Flugvallarmál verður áfram ofarlega á baugi, fargjöld í innanlandsflugi og beint flug til útlanda. Sigrún segir frá bréfi sem SSA fékk og varðar skýrslu vinnuhóps um endurskoðun á rekstri flugvalla. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/06/16/Skyrsla-um-endurskodun-a-rekstri-flugvalla/>. Svæðisskipulag og hugmynd um að setja saman samgönguáætlun fyrir Austurland. Sameiginleg nefnd Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og SSA um tengingu vegar norðan Vatnajökuls og suður. Fylgjast þarf með vinnu um samgönguáætlanir. Almenningsamgöngur. Samningur við Vegagerð ríkisins rennur út 2018.
3. Fundir verði fjórða fimmtudag í mánuði. Næsti fundur verður 22. febrúar kl. 15 á Vonarlandi.

Fleira er ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:20.

---

Jakob Sigurðsson

---

Gunnlaugur Stefánsson

---

Þorbjörg Sandholt

---

Einar Már Sigurðarson

---

Vilhjálmur Jónsson

---

Anna Alexandersdóttir

---

Eyjólfur Sigurðsson.